

Skýrsla æskulýðsnefndar Faxe 2011

Vetrarstarfið hófst með því að haldinn var kynningarfundur fyrir börn og foreldra þar sem óskað var eftir hugmyndum fyrir vetrarstarfið og kynntar hugmyndir að námskeiðum. Fáir mættu.

Haldin voru nokkur námskeið á árinu.

Námskeið fyrir knapamerki 4 voru kláruð frá fyrra ári, þar sem ekki náðist að klára þau þá. Kennari var Randi Holaker í þetta sinn, en fyrri hlutann kenndi Heiða Dís Fjeldsted. Námskeiðið tóku 4 nemendur og luku því með prófi.

3 nemendur sóttu námskeið hjá Randi fyrir knapamerki 3 og luku því með prófi. Bæði knapamerkjanámskeiðin voru kennd á Miðfossu.

10 ungir og 3 eldri nemendur sóttu almennt reiðnámskeið hjá Randi Holaker og Hauki Bjarnasyni. Það skiptist á 2 staði, Miðfossa og Skáney eftir búsetu nemenda.

Haldið var stubbanámskeið fyrir yngstu hestakrakkana hjá Guðrúnu Fjeldsted á Ölvaldsstöðum, þar sem nemendur fengu lánaða hesta hjá henni ef með þurfti. 2 nemendur voru skráðir á það námskeið.

Auglýst voru námskeið í knapamerkjum 1 og 2, en ekki fékkst næg þátttaka á þau.

Þau börn og unglingar sem völdust til að fara á LM 2011 fyrir Faxe fengu tilsögn hjá Randi fyrir mót.

Félagið niðurgreiddi námskeiðin fyrir félagsmenn. Fjáröflun fólst í kaffisölu á kynbótasýningunum á Miðfossu í vor og við fleiri tækifæri. Þar stóðu félagskrakkarnir og foreldrar þeirra vaktina og sköfðu bakkelsi, auk okkar í nefndinni.

Í æskulýðsnefndinni sátu: Gro Jorunn Hansen, Kristín Kristjánsdóttir og Lára Kristín Gísladóttir.

Nóvember 2011

Fh. nefndarinnar Lára Kristín Gísladóttir